



UMHVERFIS
STOFNUN

Þjórsárdalur

Stjórnunar- og verndaráætlun

Þjórsárdalur– Skeiða- og Gnúpverjahreppur– Landslagsverndarsvæði





UMHVERFIS
STOFNUN



Suðurlandsbraut 24
108 Reykjavík
591 2000
ust@ust.is
ust.is

Heiti skýrslu Stjórnunar- og verndaráætlun - Þjórsárdalur
Útgáfunúmer UST-2023:03
Mánuður, ár Maí, 2024
Ritstjórar Þórdís Björt Sigbórsdóttir og Daníel Freyr Jónsson
Útgefandi Umhverfisstofnun
Forsíðumynd Unsplash
Aðrar myndir Unsplash



UMHVERFIS
STOFNUN



UMHVERFIS
STOFNUN

Leiðarljós fyrir áætlun
þessa er að varðveita
einstök náttúru- og
menningarverðmæti
Þjórsárdals, efla fræðslu,
lýðheilsu og góða upplifun
gesta í samstarfi við
hagsmunaaðila svo allir
hafi kost á að njóta
verðmæta
landslagsverndarsvæðisins
um ókomna framtíð

UMGJÖRÐ

1

Náttúruvættin
Tengsl við áhrifasvæði
Verndargildi og verndarflokkur
Samráð
Eignarhald og umsjón
Stjórnunar- og verndaráætlun
Stjórnsýsla
Skipulagsáætlanir

Alþjóðlegar skuldbindingar
Loftslagsþáttur

STAÐA, STEFNA OG LEIÐIR

2

Helstu áskoranir
Áfangastaðir og ástandsmat
Samstarfshópur og samráð
Skipulag svæðisins
Aðkomuleiðir og tengsl við
áhrifasvæði
Aðgengi fyrir fatlaða
Vegir og bílastæði
Skilti
Úrgangur
Gönguleiðir og áningastaðir
Hjólaleiðir
Reiðleiðir
Jarðminjar
Gróður, vistgerðir og jarðvegur
Endurheimt vistkerfa

Dýralíf
Vatnshlot
Menningarminjar
Landbúnaður og veiðar
Ferðaþjónusta og útivist
Landvarsla
Sjálfbóðaliðar í náttúruvernd
Fræðsla og kynning
Viðburðir, kvikmyndataka og
ljósmyndun
Mönnuð og ómönnuð loftför
Uppbygging innviða
Mannvirki
Öryggismál
Rannsóknir og vöktun
Heimildaskrá

3

SÉRREGLUR

Umgjörð

Hluti Þjórsárdals var friðlýstur sem landslagsverndarsvæði árið 2020 með auglýsingu í Stjórnartíðindum nr. 110/2020. Markmið friðlýsingarinnar er að vernda sérstæðar jarðmyndanir og landslag sem er sérstætt á landsvísu vegna fagurfræðilegs og menningarlegs gildis. Einnig er markmiðið að stuðla að vernd líffræðilegrar fjölbreytni með verndun vistkerfa og að stuðla að endurheimt raskaðra vistkerfa með áframhaldandi vinnu við uppgræðslu og endurheimt birkiskóga.

Friðlýsta svæðið í Þjórsárdal flokkast undir landslagsverndarsvæði og er 58 km² að stærð. Innan þess eru þrjú náttúruvætti, Hjalparfoss, Gjáin, Háifoss og Granni. Náttúruvættin eru friðlýst vegna jarðfræðilegrar og líffræðilegrar fjölbreytni. Samkvæmt friðlýsingarskilmálum gilda ákveðnar reglur á verndarsvæðinu sem er að finna í auglýsingu nr. 110/2020.

Þjórsárdalur markast að vestan við Þverá en að austri við Búrfell og liggur frá norðri til suðurs. Við innanverðan miðjan dalinn er fjallsmúli sem kallast Fossalda og ganga frá honum tveir háir ásar, Rauðukambar og Reykholt, þeir ganga fram í miðju dalsins og skipta dalnum í tvo hluta.

Landslagsverndarsvæðið er allt innan þjóðlendumarka.

Kort af hinu friðlýsta svæði má sjá hér fyrir neðan.

Ítarlegri upplýsingar og fróðleik um friðlýsta svæðið má finna á heimasíðu Umhverfisstofnunar.





- Mörk landslagsvemdarsvæðis
- Náttúruvætti
- Svæði með sérreglum
- Deiliskipulagt svæði
- Mörk sveitarfélaga

- Bundið slitlag
- Malarvegur



Flatarmál:	5.777 ha (58 km ²)
Kortavörpun:	Lambert keiluvörpun
Hnattstaða:	ISN93
Kortagerð:	Guðni Hannesson LMÍ
Dags:	03.12.2019
© Landmælingar Íslands	

Náttúruvættin

Fossá er vatnsmesta áin í Þjórsárdal. Hún á upptök sín í Fossádrögum og fellur niður í Fossárdal sem Háifoss og Granni.

Háifoss er einn af hæstu fossum landsins með 122 m fallhæð. Fossárdalur er þröngur dalur í botni Þjórsársdals og þar má sjá margbreytilegar jarðmyndanir úr seti, móbergi og hraunum, innskot og berghlaup.

Fossá rennur eftir Þjórsárdalnum í Þjórsá, en skammt frá Búrfellsstöð hefur áin rofið fallett gljúfur í Búrfellshraunið og þar fellur Hjálparfoss.

Gjáin er gróðurvin með kaldar lindir og fallett gljúfur sem vatnsföll hafa grafið í Búrfellshraunið síðustu 3000 árin. Rauða fellur í Gjána í tveimur fossum og nefnist sá stærri Gjáfoss. Rauða rennur áfram í Þjórsárdal þar sem hún fellur í Fossá. Þjórsá hefur einnig átt mikinn þátt í að mynda og móta Gjána en í vatnavöxtum átti áin þar greiða leið um þangað til byggður var stíflugarður við Sandafell.

Sérstaða svæðisins felst einnig í menningarminjum sem vitna um mannvistir á svæðinu á fyrri tímum, svo sem rústir af söguldabænum Stöng eru þeirra á meðal. Svæðið er einnig friðlýst sem menningarlandslag samkvæmt lögum um menningarminjar nr. 80/2012 og er í umsjón Minjastofnunar. Menningarlandslagið hefur ekki sömu mörk og hið friðýsta náttúruverndarsvæði, hægt er að sjá kort af því og frekari upplýsingar hér: [Minjastofnun - menningarlandslag í Þjórsárdal](#).

Dalurinn býr yfir merkri sögu varðandi endurheimt birkiskóga og uppgræðslu vikra og einnig eru mikil tækifæri til útivistar og sjálfbærrar ferðaþjónustu í Þjórsárdal.

Ítarlegri upplýsingar og fróðleik um friðlýsta svæðið má finna á heimasíðu Umhverfisstofnunar.



Tengsl við áhrifasvæði

Við Sandártungu í Þjórsárdal er gert ráð fyrir þjónustumiðstöð fyrir þá gesti sem leggja leið sína í Þjórsárdalinn.

Þjónustumiðstöðin helst í hendur við uppbyggingu hótels og fjallbaða við Reykholt, Rauðukömbum sem er staðsett á svæði innan landslagsverndarsvæðisins og er skilgreint sérstaklega í friðlýsingarskilmálum.

Þjónustumiðstöðin er ekki innan friðlýsta svæðisins en er í nánum tengslum við það og tengjast svæðin með göngu- og reiðstígum, ásamt því að gert er ráð fyrir nýjum vegslóða frá þjónustumiðstöðinni að Reykholti. Í greinargerð vegna deiliskipulags fyrir þjónustumiðstöðina kemur fram henni er m.a. ætlað að þjóna Þjórsárdal sem heild með upplýsingagjöf og sem áningarstað.

Í kaflanum um fjölda gesta í greinargerðinni vegna uppbyggingu þjónustumiðstöðvar kemur fram:

„Við áætlun gestafjölda í þjónustumiðstöðina er horft til núverandi gestafjölda í Þjórsárdal og áætlaðan gestafjölda í fyrirhuguð Fjallaböð og hótél við Reykholt, en allir gestir þangað munu fara um þjónustumiðstöðina við Selhöfða. Búist er við um 300.000 manns á fyrsta rekstrarári þjónustumiðstöðvarinnar 2025, sem dreifist misjafnt á mánuði ársins, allt frá um 18.000 í apríl til 38.000 í ágúst. Áætlunin byggir á áætluðum fjölda fyrir Þjórsárdal í heild, en þar er gert ráð fyrir 600.000 manns árið 2025.

Svo virðist sem ferðamönnum í Þjórsárdal hafi ekki fjölgað hlutfallslega í samræmi við fjölgun ferðamanna til annarra ferðamannastaða í nágrenninu á árunum 2001-2015, eins og við Gullna hringinn eða í Rangárvallasýslu. Þar sem framboð áhugaverðra staða er mikið má álykta að með auknu framboði af þjónustu til ferðamanna og afþreyingu, muni ferðamönnum fjölga í Þjórsárdal. Fyrir utan Selhöfða mun fjölgunin eiga sér stað á öðrum stöðum í Þjórsárdal, s.s. við Hjálparfoss, Háafoss, Gjána, og Stöng. Þjónustumiðstöðin mun gegna hlutverki hliðs inn í Þjórsárdal og þar verður hægt að miðla upplýsingum og aðstoða ferðamenn með margvíslegum hætti.“



Stjórnunar- og verndaráætlun


Markmið með gerð stjórnunar- og verndaráætlunar fyrir landslagsverndarsvæðið er að móta framtíðarsýn og stefnu um verndun svæðisins og hvernig viðhalda skuli verndargildi þess til framtíðar. Einnig er markmiðið að stjórnendur og aðrir opinberir aðilar nái sem best að uppfylla skyldur sínar á sama tíma og aðgerðir þeirra styðja notendur svæðisins við að ná sínum markmiðum, sér og svæðinu til hagsbóta. Einnig er markmiðið að samræma fjölbreytta hagsmuni þeirra sem nýta svæðið til landbúnaðar, ferðaþjónustu, útivistar og rannsókna með hag náttúru og mannlífs að leiðarljósi. Vegna þess hve viðkvæmar jarðminjar og lífríki er að finna á svæðinu er lögð áhersla á stýringu umferðar gesta um svæðið.

Stjórnunar- og verndaráætlunin er unnin í samræmi við 81. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd. Í fyrsta og öðrum kafla áætlunarinnar er samantekt á bakgrunnsupplýsingum um svæðið og sett fram sú stefna og markmið sem sett eru fyrir landslagsverndarsvæðið ásamt þeim leiðum sem farnar verða til að ná þeim markmiðum. Í þriðja kafla eru settar fram sérreglur sem gilda á svæðinu.

Aðgerðaáætlun fyrir landslagsverndarsvæðið gildir til þriggja ára í senn og er uppfærð árlega í samræmi við áætlanir um fjármögnun verkefna.

Stjórnunar- og verndaráætlunin er unnin í samvinnu við sveitarfélagið Skeiða- og Gnúpverjahrepp, Minjastofnun Íslands, Skógræktina, Náttúrufræðistofnun Íslands og í samráði við aðra hagsmunaaðila. Þegar áætlunin var sett í formlegt kynningarferli skipaði samstarfshópurinn eftirfarandi:

- fulltrúar frá Umhverfisstofnun
- fulltrúi frá Skeiða- og Gnúpverjahreppi
- fulltrúi frá Skógræktinni
- fulltrúi frá Náttúrufræðistofnun Íslands
- fulltrúi frá Minjastofnun Íslands



Samráð

Í samræmi við 3. mgr. 81. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd var haft samráð við fagstofnanir og aðila sem hagsmuna hafa að gæta á svæðinu. Stjórnunar- og verndaráætluninni er ætlað að styðja stjórnendur hins friðlýsta svæðis í störfum sínum að höfðu samráði við þá sem koma að fjölbreyttri starfsemi, útivist eða eiga hagsmuna að gæta á starfssvæði landslagsverndarsvæðisins. Við upphaf vinnunnar var sent bréf til fagstofnana og hagsmunaaðila þar sem tilkynnt var að vinna við gerð stjórnunar- og verndaráætlunar væri að hefjast.

Víðtækt samráð er mikilvægt til að ná fram markmiðum þessarar áætlunar. Sendur var póstur í upphafi vinnunnar og þegar kynningartími hófst, á hagsmunaaðila. Þá var gerð hagsmunaaðilagreining til að greina þá aðila sem hafa ríka hagsmuni innan landslagsverndarsvæðisins og geta hjálpað til við að móta stefnu og finna leiðir til að samtvinna vernd og nýtingu svæðisins. Út frá niðurstöðu þeirrar greiningar var þeim aðilum boðið á fundi þar sem sértækir hagsmunir, áherslur og upplýsingar sem aðilar höfðu fram að færa voru til umfjöllunar. Þá var einnig haldinn opinn íbúafundur.

Drög að stjórnunar- og verndaráætlun voru auglýst í sex vikur í mars 2023.

Fundargerðir samstarfshóps og greinargerð um þær athugasemdir sem bárust á kynningartíma má nálgast á heimasíðu Umhverfisstofnunar.

Eignarhald og umsjón

Svæðið er þjóðlenda en Skeiða- og Gnúpverjahreppur fer með skipulagsvald á svæðinu. Umhverfisstofnun hefur umsjón með verndarsvæðinu í samræmi við 2. mgr. 13. gr. og 79. gr laga nr. 60/2013 um náttúruvernd. Umhverfisstofnun skal gera umsjónarsamning við Skógræktina varðandi umsjón þess svæðis sem skógræktarverkefni ná til, sbr. samning þar um, sem ráðherra staðfestir, sbr. 85. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd, þar sem m.a. skal fjalla um réttindi og skyldur samningsaðila auk annarra þátta. Minjastofnun Íslands fer með umsjón menningarminja og friðlýsts menningarlandslags á svæðinu skv. lögum nr. 80/2012 um menningarminjar.



Lagalegur og stjórnsýslulegur rammi

Hluti Þjórsárdals var friðlýstur árið 2020 með auglýsingu nr. 110/2020 í samræmi 48. gr. og 50. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd. Svæðið er friðlýst sem landslagsverndarsvæði en innan þess eru þrjú svæði sem friðlýst eru sem náttúruvætti, auk þess er eitt svæði sem er með sérreglur. Svæðisskiptinguna má sjá á heimasíðu Umhverfisstofnunar.

Almennt gilda reglur landslagverndarsvæðisins en að auki gilda ákveðnar reglur aðeins innan náttúruvættanna og svæðis við Rauðukamba og Fossöldu. Allar reglur má finna í auglýsingu um friðlýsinguna.

Í auglýsingu um friðlýsingu svæðisins eru settar reglur um verndun svæðisins, umferð, umgengni og nýtingu. Samkvæmt 4. gr. auglýsingarinnar er Umhverfisstofnun, Skeiða- og Gnúpverjahrepp, Minjastofnun Íslands og Skógræktinni gert að skipa samstarfshóp um málefni verndarsvæðisins. Fulltrúi Umhverfisstofnunar fer þar með formennsku og boðar til fundar samstarfshóps. Frekari upplýsingar um skyldur samstarfshóps er að finna í auglýsingu friðlýsta svæðisins.

Listi yfir friðaðar tegundir æðplantna, mosa og fléttna er að finna í auglýsing nr. 1385/2021. Innan landslagsverndarsvæðisins er ekki vitað um friðaðar æðplöntur, mosa eða fléttur.

Hluti landslagsverndarsvæðisins fellur innan friðlýsingar menningarminja sem menningarlandslags, sbr. auglýsingu nr. 770/2022 um friðlýsingu menningarminja skv. lögum nr. 80/2012 um menningarminjar og annast Minjastofnun Íslands stjórnsýslu þess

Skv. 85. gr. nvl. laga hefur Umhverfisstofnun heimild til að fela einstaklingum, sveitarfélögum eða öðrum lögaðilum umsjón og rekstur náttúruverndarsvæða að þjóðgörðum undanskildum. Gera skal sérstakan samning um umsjón og rekstur svæðanna sem ráðherra staðfestir. Til grundvallar samningnum skal liggja fyrir stjórnunar- og verndaráætlun fyrir svæðið.





Þjóðlendur

Þjóðlendur eru landsvæði þar sem íslenska ríkið er eigandi lands og hvers konar landsréttinda og hlunninda sem ekki eru háð einkaeignarrétti. Um þjóðlendur gilda lög um þjóðlendur og ákvörðun marka eignarlanda, þjóðlendna og afrétta nr. 58/1998. Þjóðlenda er skilgreind í þjóðlendulögum sem „landsvæði utan eignarlanda þó að einstaklingar eða lögaðilar kunni að eiga þar takmörkuð eignarréttindi“.

Landslagsverndarsvæðið í Þjórsárdal er þjóðlenda innan marka sveitarfélagsins Skeiða- og Gnúpverjahrepps.

Samþykki forsætisráðuneytisins þarf fyrir leyfisveitingu sveitarfélagsins á svæðinu, sé nýtingin fyrirhuguð til lengri tíma en eins árs skv. 3. mgr. 3. gr. laga nr. 59/1998, þrátt fyrir að sveitarfélagið fari með skipulagsvald á svæðinu.

Ráðuneytið veitir samt sem áður leyfi fyrir nýtingu á vatns- og jarðhitaréttindum og vindorku innan þjóðlendna skv. 2. mgr. 3. gr. laga nr. 58/1998.

Öll önnur nýting á landi og landsréttindum í þjóðlendum er háð leyfi hlutaðeigandi sveitarstjórnar, þó þannig að sé nýtingin til lengri tíma en eins árs, þarf jafnframt samþykki ráðuneytisins skv. 3. mgr. 3. gr. sömu laga.

Samþykki ráðuneytisins þarf til að nýta námur og önnur jarðefni innan þjóðlenda óháð tímalengd, sveitarfélögin veita samt sem áður leyfi fyrir nýtingu á námum og öðrum jarðefnum.

Um stjórn og meðferð þjóðlendna fer eftir II. kafla [þjóðlendulaga](#).



Skipulagsáætlanir

Í gildi eru skipulagsáætlanir sem hafa áhrif á stjórnun, verndun og nýtingu landslagsverndarsvæðisins. Mikilvægt er að samræmi sé á milli skipulagsáætlana og stjórnunar- og verndaráætlunar.

Í Skeiða- og Gnúpverjahrepp er í gildi aðalskipulag frá árinu 2017 og gildir til ársins 2029. Í aðalskipulaginu er svæðið skilgreint sem afþreyingar- og ferðamannasvæði. Í stefnu um verndarsvæði og minjar segir m.a. að stuðlað verði að endurheimt landgæða, verndun óbyggðra víðerna og að mannvirkjagerð leiði til eins lítillar röskunar og kostur er. Einnig segir að lögð verði áhersla á verndun náttúru- og menningaminja sem rennir styrkari stoðum undir ferðaþjónustu á svæðinu.

Svæði við Stöng og Gjana var deiliskipulagt árið 2020. Markmið skipulagsins er að verja menningaminjar fyrir veðri og vindum, stýra umferð gesta með bættum göngustígum, útsýnis- og áningastöðum, bæta aðgengi fyrir hreyfihamlaða, bæta þjónustu meðal annars með betri bílastæðum og salernisaðstöðu og miðla upplýsingum um fornminjar og náttúruminjar.

Deiliskipulag Reykhólts er deiliskipulag fyrir hótél og baðstað sem áformað er að byggja innan verndarsvæðisins. Deiliskipulagið nær einnig til svæðis við gatnamót afleggjarans upp að Reykholti og Þjórsárdalsvegs, en þar var áður ráðgert að taka á móti gestum sem heimsækja baðstaðinn. Nú er hinsvegar stefnt að því að móttaka gesta fari fram utan verndarsvæðisins. Í skipulaginu kemur fram að stefnt sé á að rekstur hótelsins og baðstaðarins verði sjálfbær og að hótél og þjónustubýgging verði umhverfisvottuð.

Deiliskipulag Búrfellsvirkjunar teygir sig inn á landslagsverndarsvæðið og nær m.a. inn á náttúruvættið Hjálparfoss. Samkvæmt skipulaginu er ekki gert ráð fyrir frekari framkvæmdum innan verndarsvæðisins.

Útivistarskipulag í Þjórsárdal í Skeiða- og Gnúpverjahreppi skilgreinir fjölbreyttar göngu-, reið- og reiðhjólaleiðir og tengir þær um að svæðisbundnum menningarverðmætum.

Skipulagsáætlanir skulu vera í góðu samræmi við markmið og skilmála friðlýsingarinnar.



Verndargildi og verndarflokkur

Samkvæmt 50. gr. laga um náttúruvernd segir meðal annars um landslagsverndarsvæði: Friðlýsa má landsvæði til verndar landslagi sem þykir sérlega verðmætt vegna fagurfræðilegs og/eða menningarlegs gildis, talið er sérstætt eða fágætt á svæðis-, lands- eða heimsvísu eða skipar mikilvægan sess í vitund þjóðarinnar.

Friðlýsing Þjórsárdals fellur vel að verndarmarkmiðum 2. og 3. gr. náttúruverndarlaga nr. 60/2013, en þar kemur meðal annars fram að til að stuðla að vernd líffræðilegrar- og jarðfræðilegrar fjölbreytni landsins og fjölbreytni landslags, skal stefnt að því að viðhalda fjölbreytni vistgerða og vernda jarðmyndanir sem eru sérstakar eða einstakar á lands- eða heimsvísu og varðveita landslag sem er sérstætt eða fágætt.

IUCN

Samkvæmt skilgreiningu Alþjóða náttúruverndarsamtakanna IUCN fellur landslagsverndarsvæðið í flokk V.

Friðlýsingar í þessum flokki miða m.a. að því að vernda og viðhalda mikilvægu landslagi, náttúru þess og menningarlegum gildum. Að bjóða upp á möguleika á ánægjulegri upplifun, lýðheilsu, félagslega- og efnahagslega starfsemi í gegnum útivist og ferðaþjónustu. Náttúruvættin flokkast undir flokk III en svæði í þessum flokki eru afmörkuð til að vernda sérstakar náttúruminjar eins og í þessu tilviki fossa ásamt líffræðilegum fjölbreytileika og búsvæðum tengdum þeim. Þetta eru jafnan tiltölulega lítil svæði sem reiða sig oft á stærri svæði til að geta þrífist. Svæði í flokki III hafa oft mikið aðdráttarafl fyrir ferðamenn.



Alþjóðlegar skuldbindingar

Íslenska ríkið hefur undirgengist skuldbindingar á alþjóðlegum vettvangi m.a. á sviði náttúruverndar. Hér verður fjallað um þá samninga sem eiga við um landslagsverndarsvæðið en nánari upplýsingar um alþjóðlega samninga á sviði náttúruverndar er að finna á heimasíðu Umhverfisstofnunar.

- ***Samningur Sameinuðu þjóðanna um líffræðilega fjölbreytni (Ríósamningurinn), fullgiltur árið 1995. Eftirfarandi markmið samningsins tengjast beint hinu friðlýsta svæði:***
 - Yfirmarkmið A - Að viðhalda, endurheimta heilbrigði, samfellu og viðnámsprótt vistkerfa.
 - Kjarnamarkmið 6 - Vinna markvisst gegn neikvæðum áhrifum framandi ágengra tegunda.
 - Kjarnamarkmið 16 - Fræðsla og upplýsingamiðlun til almennings.
- ***Bernarsamningurinn um vernd villtra plantna og dýra og lífsvæða í Evrópu, fullgiltur árið 1993.***
- ***Árósasamningurinn um upplýsingaskyldu stjórnvalda og þátttöku almennings til ákvarðanatöku í umhverfismálum sem fullgiltur var árið 2011.***
- ***Landslagsverndarsamningur Evrópu sem ætlað er að stuðla að vernd og góðri stjórn í tengslum við landslag.***
- ***CAFF - samþykkt um lífríkisvernd á norðurslóðum, frá 1992.***
- ***Ramsarsamningurinn, eða „samningurinn um vernd votlendissvæða sem hafa alþjóðlegt gildi, einkum sem heimkynni fugla.***



Loftslagsþáttur


Friðlýst svæði skipta mörg hver miklu máli þegar kemur að vistkerfisþjónustu en vistkerfisþjónusta er mannkyni mikilvæg en hugtakið fjallar um það hvernig virkni vistkerfa skapar mannfólki „þjónustu“ og lífsgrundvöll t.d. með hreinsun vatns og lofts, með sköpun verðmæta í náttúruauðlindum o.s.frv. Vistgerðir skapa ólíka vistkerfisþjónustu, t.a.m. eru ákveðnar vistgerðir þekktar fyrir kolefnisbindingu á meðan aðrar hreinsa vatn og aðrar standa gegn náttúruvá.

Heilbrigð vistkerfi geta vegið upp á móti þeim áhrifum sem loftslagsbreytingar hafa og eru friðlýst svæði þessvegna talin mikilvæg aðgerð í baráttunni við loftslagsbreytingar.

Í skýrslu stjórnarráðsins frá 2019 um bættu landnýtingu í þágu loftslagsmála er skógrækt og landgræðsla nefnd sem þættir sem binda kolefni. Innan hins friðlýsta svæðis er stunduð endurheimt vistkerfa og landgræðsla sem skiptir miklu máli m.t.t. kolefnisbindingar.

Tengsl við loftslagsþætti

Innan landslagsverndarsvæðis í Þjórsárdal hefur verið stunduð uppgræðsla og endurheimt birkiskóga. Markviss uppgræðsla vikranna innan svæðisins hófst um 1960. Á árunum 2007-2021 unnu Hekluskógar að endurheimt birkiskóga á stórum svæðum í Þjórsárdal, auk uppgræðslu með kjötmjöli.



2.

Staða, stefna og leiðir



2. Staða, stefna og leiðir

Í þessum kafla verður leitast við að skilgreina markmið, útskýra framtíðarstefnu svæðisins og kortleggja aðgerðir sem framkvæma þarf á næstu árum.

Kaflinn er settur upp þannig að fyrst er fjallað um hver staðan er á ritunartíma stjórnunar- og verndaráætlunar og svo er dregin fram stefna og nauðsynlegar aðgerðir, þegar það á við, til að ná verndarmarkmiðum. Vegna þess hve viðkvæmar jarðminjar og lífríki er að finna á svæðinu er lögð áhersla á stýringu umferðar gesta um svæðið.

Samkvæmt friðlýsingarskilmálum er svæðinu skipt upp í fjögur svæði með mismunandi stefnu er varðar verndun og stýringu umferðar. Þar sem svæðið er flokkað í verndarflokka V og III samkvæmt flokkun Alþjóða náttúruverndarsamtakanna (IUCN), taka stefna og aðgerðir mið af þeirri flokkun.

Aðgerðaáætlun fylgir stjórnunar- og verndaráætluninni, og er uppfærð árlega, meðal annars í samræmi við úthlutun úr landsáætlun um uppbyggingu innviða.

Áskoranir

Innan landslagsverndarsvæðisins eru náttúruvættin Þrjú Gjáin, Hjálparfoss og Háifoss og Granni fjölsóttustu áningarstaðir ferðamanna. Takmarkaðir innviðir eru til staðar til að taka á móti þeim fjölda gesta sem heimsækir svæðin. Umferð vélknúinna ökutækja er mikil og fjármagn til Vegagerðarinnar til viðhalds og merkinga vega mjög takmarkað.

Helstu áskoarnir innan verndarsvæðisins eru:

- Jarðvegseyðing
- Utanvegaakstur
- Ágangur ferðamanna á viðkvæmum svæðum
- Framandi ágengar tegundir
- Ófyrirséð rask vegna framkvæmda
- Ófyrirséð álagsaukning í kjölfar uppbyggingar í ferðapjónustu





Áfangastaðir

Háifoss

Fossarnir Háifoss og Granni eru eitt helsta aðdráttarafl gesta innan verndarsvæðisins. Aðkoma er um torfæran malarveg sem liggur frá skálanum í Hólaskógi. Flestir stoppa fremur stutt til að sjá og mynda fossinn, en hluti gesta gengur eða hjólar frá Háafossi niður að Stöng meðfram Fossá.

Gjáin og Stöng

Í Gjánni er mikil náttúrufegurð. Þar finnast sérstakar bergmyndanir, tærar og vatnsríkar bergvatnslindir ásamt fossum. Gjáin er gróskumikil og skjólrík og þar er mikil hefð fyrir útivist, þá sérlega á hlýjum sumardögum. Um 1 km gönguleið tengir Gjánna við þjóðveldisbæinn Stöng. Skýli er yfir rústunum. Við bílastæði við Stöng er nestisaðstaða og stefnt er að því að þar verði salernisaðstaða.

Hjálparfoss

Hjálparfoss er sennilega vinsælasti viðkomustaður ferðamanna innan verndarsvæðisins. Fossinn er tvöfaldur og girtur miklum stuðlabergsmyndunum beggja megin. Staðurinn er í alfaraleið, rétt við þjóðveginn. Malbikaður vegur liggur frá þjóðvegi niður að fossinum og þar eru stígar, pallar og bekkir fyrir gesti. Salernishús er til staðar.

Ástandsmat

Árlega skal vinna ástandsmat fyrir áfangastaði og gönguleiðir á friðlýsta svæðinu til að meta ástand náttúru og innviða. Ástandsmat er gert á áfangastöðum ferðamanna í Gjánni, við Hjálparfoss og Háafoss. Stefnt er að því að skilgreina fleiri staði innan landslagsverndarsvæðisins þar sem unnið verður ástandsmat.

Árlegar aðgerðir:

- **Ástandsmat verði unnið fyrir áfangastaði ferðamanna og göngu, hjóla- og reiðleiðir.**



Samstarfshópur og samráð

Í friðlýsingarskilmálum fyrir svæðið kemur fram að samstarfshópur um málefni verndarsvæðisins skuli funda eigi sjaldnar en einu sinni á ári. Hlutverk hópsins er að samræma starfsemi stofnana á svæðinu og stuðla að því að verndargildi svæðisins haldist. Þá á hópurinn einnig að fjalla um framkvæmdaáætlun og landvörslu fyrir verndarsvæðið, samvinnu við gerð stjórnunar- og verndaráætlunar ásamt endurskoðun og breytingum á henni og önnur stefnumótandi mál er varða verndarsvæðið. Þá skal halda a.m.k. einn fund á ári með samstarfshópi um verndun menningarlandslags í Þjórsárdal.

Stefna

Stefnt skal að því eins og kostur er að sátt verði um stjórnun og verndun landslagsverndarsvæðisins í Þjórsárdal og að hagsmunaaðilar standi saman að verndun svæðisins.

Til þess að ná fram markmiðum verndunar svæðisins skal Umhverfisstofnun stuðla að sem víðtækustu samráði og gera samráðsáætlun.

Árlegar aðgerðir

- *Fundir samstarfshóps um málefni verndarsvæðisins.*

Skipulag svæðisins

Allar framkvæmdir, þ.m.t. framkvæmdir í samræmi við skipulagsáætlanir innan landslagsverndarsvæðisins í Þjórsárdal eru háðar leyfi Umhverfisstofnunar og er því mikilvægt að samræmi sé á milli skipulagsáætlana og stjórnunar- og verndaráætlunar.

Þá er einnig mikilvægt að gott samstarf verði við forsætisráðuneytið vegna skipulagsvinnu á svæðinu, þar sem landslagsverndarsvæðið er innan þjóðlendu, sjá nánar í kafla um þjóðlendu.

Stefna

Að gott samráð og samstarf verði um allar skipulagsáætlanir innan landslagsverndarsvæðisins.



Aðkomuleiðir og tengsl við áhrifasvæði

Um verndarsvæðið liggur Þjórsárdalsvegur (þjóðvegur 32) og frá honum liggja malarvegir inn í Þjórsárdal. Aðkoma að Háafossi er um torfærarn veg, Háafossveg 332, sem liggur frá Hólaskógi. Um 20 km akstur er frá verndarsvæðinu að Árnesi, en til norðurs er um 30 km að hálendismiðstöðinni í Hrauneyjum. Tjaldsvæði er í Sandártungu, skammt frá suðurjaðri verndarsvæðisins.

Ýmsar göngu-, hjóla- og reiðleiðir liggja um verndarsvæðið og tengjast leiðum utan þess. Innan verndarsvæðisins liggur net leiða sem tengja saman helstu áfangastaði. Mikil tækifæri eru til að njóta útivistar á fjölbreyttum leiðum með mismunandi erfiðleikastig, ýmist gangandi eða hjólandi. Út úr verndarsvæðinu til suðurs liggja leiðir suður fyrir Búrfell og yfir nýlega göngubrú sem þar hefur verið reist yfir Þjórsá. Leiðir liggja sömuleiðis út úr verndarsvæðinu á nokkrum stöðum og að gangnamannahúsunum Kletti og Hólaskógi. Reiðleiðir innan Þjórsárdals tengjast leiðum milli gangnamannahúsa, en einnig lengri leiðum sem liggja lengra upp á Flóa- og Skeiðamannafrétt.

Stefna

Samræma merkingar á öllum gönguleiðum og áningarstöðum innan verndarsvæðisins sem og á leiðum sem liggja að því. Reiðleiðir innan verndarsvæðisins verða merktar ásamt því að varúðarmerkingar verða settar upp þar sem mismunandi notendahópar mætast.



Aðgengi fyrir fatlaða

Gott aðgengi að umhverfi og náttúru felur m.a. í sér að fatlað fólk komist um án hindrana eða sérstakra ráðstafana. Í þessum kafla er þó fyrst og fremst fjallað um aðgengi hreyfihamlaðra þar sem ekki hefur verið mótuð stefna fyrir aðgengi fólks með annars konar fötlun.

Umhverfisstofnun hefur unnið greiningu á aðgengi fyrir hreyfihamlað fólk á friðlýstum svæðum. Í þeirri greiningu var stuðst við flokkunarviðmið sem Ferðamálastofa gaf út í samvinnu við ÖBÍ réttindasamtök, Ferðaþjónustu bænda, Ferðamálasamtök Íslands og Samtök ferðaþjónustunnar. Greininguna má finna á heimasíðu Umhverfisstofnunar.

Aðgengi fyrir hreyfihamlaða að Stöng er fært hjólastól með aðstoð (Flokkur 2). Salerni fyrir hreyfihamlaða er við Hjálparfoss. Annarsstaðar hefur aðgengi ekki verið útbúið fyrir hreyfihamlaða.

Stefna

Salernisaðstaða fyrir hreyfihamlaða verði til staðar við Stöng, Háafoss og Hjálparfoss. Við uppbyggingu innviða verði hugað að aðgengi fyrir fatlaða eins og kostur er.



Vegir og bílastæði

Þjóðvegur nr. 32 liggur að friðlýsta svæðinu að sunnan- og norðanverðu. Stangarvegur nr. 327 liggur að Stöng og Gjánni og Hjálparvegur nr. 3361 að Hjálparfossi. Vegur nr. 332 liggur að Háafossi og er Vegagerðin veghaldari framangreindra vega. Bílastæði eru við Hjálparfoss, Stöng og Háafoss. Aðrir vegir innan friðlýsta svæðið eru malarvegir sem liggja inn eftir dalnum. Allir vegir innan landslagsverndarsvæðisins eru á korti sem finna má á heimasíðu Umhverfisstofnunar. Lokanir hálendisvega síðla vetrar og á vorin vegna þíðu og aurbleytu eru framkvæmdar af Vegagerðinni á grundvelli 48. gr. vegalaga nr. 80/2007, sbr. reglur Vegagerðarinnar fyrir umferð nr. 525/2015. Veiting undanþágu frá slíku banni skv. reglunum takmarkast við þá aðila sem hafa m.a. almennt rekstrarleyfi, leyfi Ferðamálastofu o.fl. sbr. 5. gr. reglnanna.

Stefna

Að vegum á landslagsverndarsvæðinu verði vel við haldið og koma skal í veg fyrir jarðvegsrof í og meðfram vegum og að ekið sé utan vega.

Fjöldi stæða fyrir bíla skal taka mið af þolmörkum hvers svæðis innan hins friðlýsta svæðis til að taka á móti gestum.

Bílastæði verði eitt af þeim stjórnækjum sem notuð eru til að stýra fjölda gesta hverju sinni.

Við aðkomuleiðir inn á landslagsverndarsvæðið skal stefnt að því að gera áningarsvæði með fræðslu- og upplýsingaskiltum um svæðið þar sem gert er ráð fyrir að bílar geti lagt.

Námur

Gamlar námur eru innan verndarsvæðisins sem hafa verið aflagðar. Engin efnistökusvæði eru á svæðinu samkvæmt aðalskipulagi Skeiða- og Gnúpverjahrepps.

Stefna

Loka og ganga frá aflögðum námum í samráði við Vegagerðina og Skeiða- og Gnúpverjahrepp. Fylgst skal með frágangi til að tryggja að framkvæmd þess sé í samræmi við markmið friðlýsingar um verndun landslags.



Skilti

Fræðsluskilti eru við náttúruvættin Hjalparfoss, Stöng og Háafoss. Skiltin eru gömul og þarfnast endurnýjunar. Minjastofnun hefur sett upp fræðsluskilti við minjasvæðið á Stöng.

Stefna

Skilti skulu hönnuð með það að markmiði að fræða gesti um náttúru, sögu og menningarminjar svæðisins og þær umgengnisreglur sem þar gilda. Einnig skal tilgangur skilta vera að bæta öryggi gesta og upplýsa um góða og örugga ferðahegðun.

Stefnt skal að því að setja upp fræðslu- og upplýsingaskilti við allar skilgreindar gönguleiðir og athyglisverða staði. Þá skal stefnt að samstarfi við Minjastofnun Íslands um gerð skilta sem fræða um menningarminjar svæðisins.

Skilti skulu almennt vera í samræmi við Vegrúnu, sjá Vegrún - merkingar á ferðamannastöðum og friðlýstum svæðum.

Úrgangur

Enginn móttökustaður fyrir úrgang er innan friðlýsta svæðisins og taka gestir allan úrgang með sér út af svæðinu. Ennfremur er óheimilt að skilja eftir tóbaksúrgang innan hins friðlýsa svæðis.

Stefna

Rekstraraðilar innan landslagsverndarsvæðisins verði hvattir til að draga úr úrgangi eins og kostur er og flokka þann úrgang sem fellur til.

Gestir svæðisins og ferðapjónustufyrirtæki skulu hvött til að draga úr úrgangi sem fellur til með því að nota ekki einnota umbúðir og taka allan úrgang með sér út af svæðinu og koma honum í viðeigandi meðhöndlun á móttökustöðum fyrir úrgang.



Gönguleiðir og áningarstaðir

Við Hjalparfoss eru göngustígar út frá bílastæði að fossinum. Frá bílastæðinu við Stöng liggur göngustígur að Stangarbænum. Frá Stöng liggur um 1 km langur göngustígur að Gjánni auk þess sem stikuð gönguleið er á suðurbakka Rauðár, milli Gjárinnar og Stangar. Norðan Rauðár er áningarsvæði með borðum og bekkjum. Við Háafoss er göngustígur frá bílastæði að útsýnisstað með útsýni yfir fossana Háafoss og Granna. Gönguleið liggur niður í gljúfrið sem fossarnir falla í. Þá er um 8 km löng göngu- og hjólaleið frá Háafossi að Stöng. Gestir landslagsverndarsvæðisins skulu ávallt fylgja skilgreindum gönguleiðum þar sem þær eru til staðar og virða lokanir og merkingar.

Kort með skilgreindum gönguleiðum má finna á heimasíðu Umhverfisstofnunar.

Stefna

Bæta öryggi gesta við Háafoss í samræmi við umferð gesta allt árið um kring.

Gera göngubrú yfir Fossá, milli Rauðukamba og Stangar.

Skilgreindum gönguleiðum skal vera vel viðhaldið, þær vel merktar og merktar á korti.

Stefnt skal að samræmingu merkinga gönguleiða innan landslagsverndarsvæðisins og annarra gönguleiða í Þjórsárdal í samstarfi við Skeiða- og Gnúpverjahrepp og Minjastofnun.

Stefnt skal á að stika allar helstu gönguleiðir innan landslagsverndarsvæðisins og utan þess í Þjórsárdal í samvinnu við Skeiða- og Gnúpverjahrepp og Minjastofnun.

Árlegar aðgerðir

- ***Stikuðum gönguleiðum skal vel við haldið og þær yfirfarnar.***



Hjólaleiðir

Hjólreiðar innan friðlýsta svæðisins er tegund útivistar sem fer hratt vaxandi og er til dæmis vinsælt að hjóla frá Háafossi að Stöng en sú leið er um 8 km löng.

Hjólreiðar eru alla jafna heimilar á þeim gönguleiðum sem skilgreindar eru á korti að undanskyldum þeim sem liggja um sérstaklega viðkvæma vistgerð og/eða jarðminjar og hafa verið tilgreindar sérstaklega.

Kort með skilgreindum hjóla- og gönguleiðum má finna á heimasíðu Umhverfisstofnunar. Á gönguleiðum hefur fótgangandi umferð ávallt forgang samkvæmt umferðalögum nr. 77/2019.

Stefna

Hjólreiðar innan landslagsverndarsvæðisins skulu ekki valda jarðvegsrofi eða skemmdum á gróðri eða jarðmyndunum.

Hjólreiðaumferð skal vera stýrð eða takmörkuð á gönguleiðum sem liggja um sérstaklega viðkvæmar vistgerðir og/eða jarðminjar og þar sem gönguleiðir eru torfærar, þröngar eða á einhvern hátt henta ekki bæði gangandi og hjólandi umferð.



Reiðleiðir

Ríðandi mönnum er heimil för um svæðið á merktum reiðleiðum og vegum. Sé nauðsynlegt að setja upp aðhald eða næturhólf fyrir hross skal þeim valinn staður á ógrónu landi sé þess kostur, og að höfðu samráði við landvörð eða umsjónaraðila svæðisins. Notkun hesta við smölun er heimil, sbr. 15.gr. auglýsingar nr. 110/2020. Hestagerði er við Stöng og í jaðri verndarsvæðisins í Hólaskógi. Þjórsárdalur er vinsælt svæði til útreiða og ýmis ferðaþjónustufyrirtæki bjóða upp á hestaferðir um landslagsverndarsvæðið.

Kort með skilgreindum reiðleiðum má finna á heimasíðu Umhverfisstofnunar.

Stefna

Reiðleiðir skulu vel merktar og einungis skal farið um landslagsverndarsvæðið á hestum á skilgreindum reiðleiðum.

Árlegar aðgerðir

- *Gert verði mat á ástandi reiðleiða og ráðstafanir gerðar eftir þörfum til að koma í veg fyrir jarðvegsrof og gróðurskemmdir.*



Jarðminjar

Í Þjórsárdal og nágrenni eru ummerki eftir jökulskeið og hlýskeið ísaldar, útkulnaða megineldstöð og hraun runnin á nútíma. Jarðlagastaflinn endurspeglar breytileika í jarðsögu svæðisins sem nær meira og minna yfir síðustu tvær milljónir ára. Jarðmyndanir frá fyrri hluta ísaldar eru víða að finna á Íslandi, en í nágrenni Þjórsárdals eru þær elsti hluti berggrunnins á Suðurlandi og nefnast einu nafni Hreppamyndunin. Myndunin er vel þekkt á þessu svæði vegna jarðfræðirannsókna og er hún talin vera sérstakur jarðskorpufleki á milli Vestra- og Eystra-gosbeltisins [1].

Megineldstöðin í Þjórsárdal var virk fyrir tæpum 1,5-2 milljónum ára og setur hún mark sitt á svæðið með fjölda súrra hrauna, ganga og innskotslaga í neðri hluta jarðlagastaflans t.d. í Fossöldu, Reykholti og Rauðukömbum.

Í stórum dráttum samanstendur jarðlagastaflinn í Þjórsárdal af móbergslögum og jökulbergslögum frá jökulskeiðum og hraunlögum sem runnu á hlýskeiðum. Talið er að sitthvoru megin við Búrfell hafi ísaldarjökullinn rofið djúpa dali sem fylltust smám saman upp af seti og hraunlögum. Búrfellshraunið í Þjórsárdal, eða Þjórsárdalshraun, er eitt af Tungnaárhraununum, upprunið frá Veiðivatnasvæðinu og tilheyrir Bárðarbungu eldstöðvarkerfinu. Á nútíma, eða fyrir um 3200 árum rann Búrfellshraunið til suðurs, niður með Tungná og Þjórsá, fann sér leið niður með Gjánni og náði að breiða úr sér í Þjórsárdalnum. Á þeim tíma hefur stór hluti Þjórsárdalsins verið blautar áreyrar sem varð til þess að þegar Búrfellshraunið rann yfir bleytuna mynduðust gervigígar á um 10 km² svæði. Stór svæði í Þjórsárdal og nágrenni eru þakin ljósum súrum vikri sem myndaðist í Heklugosi fyrir um 3000 árum og í eldgosi árið 1104 sem lagði landnámsbyggðina í Þjórsárdal að mestu leyti í eyði [2].

Stefna

Jarðminjar á landslagsverndarsvæðinu skulu verndaðar og fá að þróast á eigin forsendum.

Gera skal reglulega úttekt á ástandi gervigíga á svæðinu í samstarfi við Náttúrufræðistofnun Íslands og koma í veg fyrir að uppgræðsluþögn hafi áhrif á verndargildi þeirra.

Gróður, vistgerðir og jarðvegur


Gróðurfur í Þjórsárdal er sérstakt vegna þess að dalurinn er að mestu leyti á þéttum berggrunni utan eldvirka beltisins en nálægð við virkar eldstöðvar hefur sett mark sitt á gróður innan hans.

Endurtekið gjóskufall veldur því að jarðvegur þykkar en þykk og gróf gjóskulög hafa mikil áhrif á jarðvegseiginleika, t.d. vatnsleiðni og samloðun. Því þarf þróttmikil vistkerfi á borð við birkiskóga til að binda gjóskulög.

Gengið var hart að birkiskógum í dalnum fyrr á öldum en áætlað er að á 19. öld hafi skógum að mestu leyti verið eytt í Þjórsárdal [3]. Gróðureyðing og jarðvegsrof fylgdu í kjölfarið og bera melar og sandar nú örnefni eins og Hellisskógar, Gjárskógar, Staðarskógur og Langholtsskógur, sem vitnar til um útbreiddari birkiskóga hér áður fyrr. Þjórsárdalur var friðaður fyrir sauðfjárbeit í lok fjórða áratugar síðustu aldar en markviss uppgræðsla Vikranna hófst um 1960 [4].

Ólíkt því sem almennt gengur eru fjalllendið og heiðalöndin umhverfis láglandi Þjórsárdals mun grónari en gjóskufyllt landslagið í dalbotninum. Töluvert er af mólendi sem að miklu leyti er mosamóavist og lyngmóavist á hálendi, sem og starmóavist. Á láglandi Þjórsárdals eru melar og sandlendi ríkjandi. Vel gróið land er helst að finna í hlíðum fjallahringsins og í Skeiðamannahólma en þar eru víðikjarrvist og mosamóavist nokkuð útbreiddar vistgerðir [5]. Gróðurtorfur eru í Bolagróf í Hrossatungum þar sem mólendisgróður og birkikjarr varðveita þykkar jarðveg sem inniheldur fjölda gjóskulaga. Nokkuð er um moldir austan til á svæðinu sem er vitnisburður um gróðureyðingu undanfarinna alda og eftir sitja leirrík jarðvegslög sem rofleif.

Í Gjánni er að finna gróðurvin þar sem birkikjarr og blómgresisvist með hvannstóði við lækjarbakka myndar andstæðu við rofið og sandborið umhverfið ofan gjábakka.



Vistgerðir með hátt verndargildi

Innan landslagsverndarsvæðisins finnast vistgerðir sem eru á lista Bernarsamningsins frá 2014 yfir vistgerðir sem hafa hátt verndargildi og einnig vistgerðir sem eru sjaldgæfar á landsvísu og þarf að huga sérstaklega að vernd þeirra. Vistgerðir sem hafa mjög hátt verndargildi eru: starungsmýravist, tjarnarstararflóavist og víðikjarrvist. Vistgerðir með hátt verndargildi eru: hengistararflóavist, kjarrskógavist, lyngmóavist og runnamýravist á hálendi.

Samkvæmt 25. gr. og 25. a. gr. laga um náttúruvernd nr. 60/2013 hefur Umhverfisstofnun heimild til að loka tímabundið viðkvæmum svæðum vegna gróðurverndar og/eða lífríkisverndar. Samráð skal haft um slíka ákvörðun við Skeiða- og Gnúpverjahrepp, landeiganda og fulltrúa ferðapjónustu og útivistarfólks. Umhverfisstofnun er einnig heimilt að loka gönguleiðum vegna óveðurs eða ófærðar og beina gestum svæðisins um aðrar leiðir ef þess er kostur sbr. reglu nr 1 í kafla 3.

Ágengar tegundir

Alaskalúpína er útbreidd á suður- og suðvesturhluta landslagsverndarsvæðisins, þ.á.m. innan náttúruvættisins Hjálparfoss.

Óheimilt er að dreifa framandi tegundum á svæðinu og vinna skal gegn útbreiðslu þeirra, sérstaklega innan náttúruvætta, á gervígígum og annarsstaðar þar sem hætta er á röskun á verndargildi.

Uppgræðsla innan landslagsverndarsvæðisins er háð leyfi Umhverfisstofnunar að undanskildum lögbundnum hlutverkum fagstofnana. Uppgræðsluaðgerðir skulu miða að því styrkja þann náttúrulega gróður sem vex á landslagsverndarsvæðinu.

Ekki skal vinna á móti náttúrulegri framvindu gróðurs á svæðinu nema í því skyni að standa vörð um verndargildi gervígíga.

Stefna

*Vernda skal gróður og vistgerðir innan landslags-
verndarsvæðisins og grípa til aðgerða til að koma í veg fyrir
jarðvegsrof og gróðurskemmdir af völdum ágangs með stýringu
umferðar. Í stýringu felst meðal annars gerð göngustíga,
uppsetning girðinga og leiðbeinandi skilta.*


*Tegundir vistgerða sem hafa hátt verndargildi skal sérstaklega
veitt athygli og gerðar viðeigandi ráðstafanir ef hætta er á
röskun þeirra.*

*Stefnt skal að því að loka öllum villustígum, koma í veg fyrir
jarðvegsrof og endurheimta staðargróður á villustígum og
meðfram gönguleiðum þar sem þess er þörf.*

*Stefnt er að áframhaldandi endurheimt birkiskóga á svæðinu og
verður að nokkru leyti stuðst við fræðreifingu frá eldri skógum
og þeim birkireitum sem gróðursettir hafa verið á svæðinu á
síðustu árum. Lögð er áhersla á að græða upp örfoka svæði.
Innan verndarsvæðisins eru ummerki á einstaka stöðum um
gamla aflagða vegslóða og för eftir utanvegaakstur. Stefnt skal
að því að afmá öll hjólför þar sem ekki eru skilgreindir vegir og
endurheimta staðargróður þar sem þess er þörf.*

Árlegar aðgerðir

- *Útbreiðsla og framgangur ágengra tegunda verður vaktaður,
með áherslu á gervígígasvæði.*



Endurheimt vistkerfa

Saga birkiskóga í Þjórsárdal er áþekkt sögu skóga í öðrum landshlutum. Dalurinn var eitt sinn algróinn skógi, en búseta mannsins eyddi skógum á láglandi dalsins á fyrstu öldum búsetu. Eftir að byggðin eyddist vegna öskugosa í Heklu, sér í lagi 1104 gossins, stóðu skógar eftir í fjallshlíðum og fjalllendi dalsins, auk þess sem víðáttumiklir skógar uxu á láglandi syðst í dalnum. Bændabýli í Árnessýslu, kirkjur í Árnessýslu, biskupsstóllinn í Skálholti, auk kirkjunnar í Odda á Rangárvöllum, áttu skógarítök í dalnum og voru þau nýtt allt fram á 20. öld bæði til viðartekju, kolagerðar og beitar bæði sumar og vetur.

Þessi landnýting olli því að í lok 19. aldar var nánast allur skógur og jarðvegur horfinn úr dalnum, var dalurinn að mestu orðinn vikurauðn [6]. Var svo komið að eina graslendið sem hægt var að nýta til beitar þegar farið var með afréttarfé í gegn um Þjórsárdal í haustleitum var grasfit sem kallaðist Hjálp og Hjálparfoss er nefndur eftir. Árið 1939 keypti íslenska ríkið í gegnum Skógræktin Skriðufell í Þjórsárdal og gerði makaskiptasamning við afréttarfélag á svæðinu um beitarfriðun rúmlega helming dalsins, þ.e. Vikranna, Reykhólts, Fossárdals og náði girðingin upp að Háafossi og þaðan austur í Þjórsá. Um miðbik 20. aldar var girðingin færð niður á Skeiðamannaflöt og liggur síðan frá Reykholti yfir Skeiðamannahólma, norðan við Gjána og þaðan upp að Hrauneyjavegi syðst á Hafinu. Hefur síðan verið unnið að uppgræðslu dalsins og hefur það verið samvinnuverkefni margra aðila.

Stærstan þátt í uppgræðslu eiga bændur á svæðinu á sjálfum afréttinum, Skógræktin, Landgræðslan og Landsvirkjun innan beitarfriðaðra svæða. Á árunum 2007-2021 unnu Hekluskógar að endurheimt birkiskóga á stórum svæðum í Þjórsárdal, auk uppgræðslu með kjötmjöli og er svo komið að lítið er orðið um vikurauðnir innan uppgræðslusvæðis. Skógræktin og Landgræðslan hafa nú tekið við verkefnum Hekluskóga.

Óheimilt er að gróðursetja aðrar trjátegundir en innlendar á friðlýsta svæðinu sbr. 10. gr. auglýsingar nr. 110/2020.

Dýralíf

Ekki eru til birtar heimildir um fuglalíf í Þjórsárdal og þörf er á úttekt til að kanna hvaða tegundir verpa innan svæðisins og algengi þeirra. Hér er stuðst við óbirt gögn [7], sem sum eru komin til ára sinna, auk upplýsinga á fuglaathugunarsíðunni eBird [8]. Út frá vistgerðum á svæðinu má einnig með sæmilegu öryggi draga ákveðnar ályktanir um tegundasamsetningu [9][10].

Stór hluti láglendis innan marka hins friðlýsta svæðis einkennist af fremur gróðursnauðum melum þar sem búast má við fremur rýru fuglalífi. Inn á milli er heldur grónara, aðallega mólendi og kjarrlendi, og grónast er þegar ofar dregur í nærliggjandi fjallshlíðum og heiðalöndum. Helstu varpfuglar á svæðinu eru þúfuttlingur, heiðlóa, spói og snjótittlingur. Aðrir líklegir varpfuglar eru hrossagaukur, rjúpa, skógarþröstur, sendlingur, steindepill, sandlóa, kjói og maríuerla. Þá eru heiðagæsir og grágæsir algengar á svæðinu. Á skógræktarsvæðum má auk þess finna ýmsar fleiri spörfuglategundir, t.d. auðnutittling og músarrindil og ef til vill glókoll en þeir hafa sést við Búrfellsstöð. Þekkt er að straumendur hafa orpið innan svæðisins og gulendur hafa sést við Hjálparfoss á varptíma. Innan landslagsverndarsvæðisins eru einnig þekkt fjögur hrafnsóðul og eitt fákaóðal. Smyrlar hafa sést á svæðinu og gætu orpið innan þess.


Af ofantöldum fuglategundum eru eftirfarandi á valista: kjói, sendlingur, fálki, gulönd, hrafn og snjótittlingur. Þá er rjúpa í yfirvofandi hættu [11]. Í dalnum eru einnig refir, minkar og hagamýs og þá er að finna urriða, bleikju og lax í Fossá og Rauða.

Óheimilt er að trufla dýralíf af ásetningi innan verndarsvæðisins sbr. 10. gr. auglýsingar nr. 110/2020. Hundar, aðrir en þeir sem nýttir eru við smölun og leitrarhundar við björgun, skulu ávallt vera í taumi innan verndarsvæðisins. Hundar og önnur gæludýr skulu vera undir tryggri stjórn og þess gætt að þeir valdi ekki truflun sbr. 15. gr. auglýsingar nr. 110/2020. Á göngustígum og áningarstöðum ferðamanna skal fjarlægja úrgang frá gæludýrum sbr. 17. gr. sömu auglýsingar.

Stefna

Vernda skal dýralíf innan landslagsverndarsvæðisins.

Gestir svæðisins skulu ekki trufla dýralíf að óþörfu. Sérstakrar aðgátar skal gætt á varptíma fugla.



Stefnt skal að því að rannsókn fari fram á fuglalífi og dýralífi innan verndarsvæðisins. Á grundvelli þeirra rannsókna verður metið í samráðshópi verndarsvæðisins hvort skoða þurfi takmarkanir á refaveiðum.

Stefnt skal að útrýmingu minks á svæðinu.

Vatnshlot

Innan friðlýsta svæðins eru samtals sex vatnshlot en vatnshlot eru afmarkaðar stjórnsýslueiningar vatns sem fá tiltekið númer samkvæmt lögum nr. 36/2011 um stjórn vatnamála. Eitt stöðuvatn eða hluti straumvatns getur verið afmarkað sem vatnshlot. Innan svæðisins renna straumvatnshlotin Fossá 2 (103-944-R), Fossá 3 (103-818-R) og Rauðá (103-832-R). Jafnframt er þar að finna grunnvatnshlotin Kerlingarfjöll-Hreppar (103-287-G), Tungnaárhraun (103-308-G) og Þjórsárdalur (103-210-G). Nálágast má frekari upplýsingar um stjórn vatnamála á vefsíðunni vatn.is. Í vatnaáætlun sem er byggð á lögum um stjórn vatnamála eru sett umhverfismarkmið fyrir vatnshlotin, en samkvæmt markmiðum laganna skulu vatnshlot vera í a.m.k. góðu ástandi.

Stefna

Komi til þess að vatnshlot í Þjórsárdal verði metin í hættu á að ná ekki umhverfismarkmiðum sínum, verður farið í vöktun í samræmi við lög um stjórn vatnamála og viðeigandi aðgerðir settar fram í aðgerðaráætlun samkvæmt lögum. Sú vöktunaráætlun verður þá sett sem viðhengi við stjórnunar- og verndaráætlun þessa.



Menningarminjar

Þjórsárdalur hefur töluverða sérstöðu í minjavernd vegna fjölda fornþýla og annarra minja sem varðveist hafa í dalnum, þar á meðal Stöng. Minjarnar sem nú þegar eru friðlýstar í dalnum skv. lögum um menningarminjar nr. 80/2012 eru alla jafna leifar fornþýla sem að líkindum fóru í eyði af völdum samverkandi þátta; versnandi veðurfars og uppblásturs vegna síendurtekinnna eldgosa í Heklu ásamt ágangi manna og húsdýra. Minjarnar voru flestar friðlýstar á fyrri hluta 20. aldar.

Þjórsárdalur hefur að geyma einstakar minjar sem spanna tímabilið frá landnámi fram á miðaldir. Svæðið er lítt snortið af síðari tíma framkvæmdum. Minjastofnun Íslands fer með umsjón þess. Allar aldursfriðaðar fornleifar hafa 15 m helgunarsvæði út frá ystu mörkum, þá hafa friðlýstar minjar 100 m friðhelgað svæði. Við alla skipulagsvinnu og vinnu sem felur í sér jarðrask í nágrenni fornleifa þarf leyfi Minjastofnunar.

Í huga margra íslenskra og erlendra sérfræðinga er Þjórsárdalur vaggja íslenskrar fornleifafræði. Fornleifarannsóknir hafa farið fram þar allt frá miðri 19. öld og fram á okkar dag. Brynjúlfur Jónsson fræðimaður frá Minna-Núpi skráði þekktar minjar í dalnum um miðja 19. öld og ýmsir aðrir fræðimenn íslenskir og erlendir komu á eftir honum og skráðu eða grófu í minjarnar. Norrænar rannsóknir í Þjórsárdal árið 1939 marka tímamót í þróun og sögu íslenskra fornleifarannsókna og hefur dalurinn í hugum margra verið tengdur fornleifarannsóknum.

Árið 2020 var í Þjórsárdal friðlýst menningarlandslag á grundvelli 18. gr. laga um menningarminjar, svæðið sem um ræðir er 140 ferkílómetrar að stærð.

Stefna

Stefnt er á að Umhverfisstofnun og Minjastofnun Íslands vinni sameiginlega að skipulagningu og gerð göngustíga í kringum fornleifar innan landslagsverndarsvæðisins og gerð upplýsinga- og fræðsluskilta um náttúru og sögu svæðisins.

Árlegar aðgerðir

- ***Vöktun á ástandi fornminja í samvinnu við Minjastofnun.***



Landbúnaður

Sauðfjárbeit er á afrétti Flóa- og Skeiðamanna norðan skógræktargirðingar vestan Fossár og á afrétti Skeiðamanna norðan skógræktargirðingar austan Fossár. Um þriðjungur landslagsverndarsvæðisins er friðaður fyrir beit.

Stefna

Stuðla skal að því að öll landnýting verði með sjálfbærum hætti, að nýting náttúruauðlinda á landslagsverndarsvæðinu skerði ekki verðmæti svæðisins. Sauðfjárbeit skal vera sjálfbær innan landslagsverndarsvæðisins og ekki valda jarðvegsrofi eða gróðurskemmdum.

Veiðar

Silungsveiði er í Fossá og Rauðá sem leigð er út af Skeiða- og Gnúpverjahreppi og fer sveitarfélagið með umsjón með veiðum í ám á landslagsverndarsvæðinu. Skotveiði á heiða- og grágæs auk rjúpu er stunduð innan verndarsvæðisins. Refa- og minkaveiði er stunduð af grenjaskyttum Skeiða- og Gnúpverjahrepps. Veiðar innan landslagsverndarsvæðisins eru heimilar, að undanskildum skotveiðum innan náttúruvættanna sbr. 18. gr. auglýsingar nr. 110/2020, enda skulu þær stundaðar samkvæmt villidýralögum nr. 64/1994. Minkaveiðar skulu stundaðar samkvæmt veiðireglum viðkomandi sveitarfélags með viðurkenndum veiðiaðferðum.

Stefna

Veiðar innan landslagsverndarsvæðisins skulu vera sjálfbærar og ekki valda truflun á upplifun gesta svæðisins.

Umhverfisstofnun mælist til þess að veiðimenn stundi ekki skotveiðar í og við áfangastaði ferðamanna og á vinsælum gönguleiðum á þeim tíma sem ferðamenn eru á ferli á landslagsverndarsvæðinu.

Ganga skal vel um náttúru verndarsvæðisins við veiðar, skotfæri og veiðarfæri skulu ekki vera skilin eftir á víðavangi og ekki skal aka utan vega.



Ferðapjónusta og útivist

Náttúruvættin þrjú eru vinsælir viðkomustaðir ferðamanna. Þá er ýmiskonar útivist stunduð innan friðlýsta svæðisins. Þar ber helst að nefna göngu-, hjóla- og hestaferðir. Vinsæl hjólaleið er á milli Háafoss og Stangar og eru ferðapjónustufyrirtæki með reglulegar ferðir þar um yfir sumartímenn. Einnig bjóða ferðapjónustufyrirtæki upp á hesta- og gönguferðir um dalinn. Háifoss og Granni er vinæll viðkomustaður þyrlufyrirtækja þar sem lent er og gestir ganga að útsýnisstöðum við fossana. Stöng og Gjáin eru vinsæl útivistarsvæði og dvelja gestir í Gjánni og njóta náttúrufegurðar hennar.

Innan verndarsvæðisins er óheimilt að slá upp og gista í tjöldum, tjaldvögnum, fellihýsum, hjólhýsum, húsbílum og öðrum sambærilegum búnaði. Öll meðferð elds er óheimil á svæðinu, þ.m.t. notkun ferðagrilla sbr. 15. gr. auglýsingar nr. 110/2020.

Stefna

Stuðla skal að því að þeirri fjölbreyttu ferðamennsku og útivist sem stunduð er á landslagsverndarsvæðinu í Þjórsárdal verði viðhaldið og jákvæð upplifun þeirra sem hennar njóta verði tryggð með sem bestum hætti.

Til þess að svo verði skal stuðla að því að öll nýting verði með sjálfbærum hætti, innviðir í takt við verndarmarkmið svæðisins verði til staðar til að taka á móti gestum, ferðapjónusta verði eins umhverfisvæn og kostur er, mengun frá starfsemi innan landslagsverndarsvæðisins verði lágmörkuð og að allur úrgangur sem fellur til innan svæðisins verði flokkaður.

Mikilvægt er að hafa upplýsingar um þolmörk gesta á svæðinu, stefnt skal að því að vinna reglulega þolmarkagreiningu fyrir svæðið (síkra 5 ára fresti).



Til þess að hægt sé að vinna að verndarmarkmiðum landslagsverndarsvæðisins og viðhalda góðri upplifun fjölbreyttrar tegunda útivistar er mikilvægt að stýring umferðar á svæðinu sé skýr. Stýring umferðar gesta um svæðið getur verið fólgin í því að takmarka fjölda, takmarka hópastærðir, hafa einstefnu á gönguleiðum og vegum eða dreifa ferðamönnum á svæði sem geta borið meiri umferð fólks.

Gestir sem heimsækja landslagsverndarsvæðið skulu sýna ábyrga ferðamennsku og virða friðhelgi náttúrunnar.

Einnig getur verið nauðsynlegt að loka ákveðnum svæðum tímabundið þegar jarðvegur er blautur og gróður viðkvæmur fyrir ágangi eða þegar aðrar aðstæður krefjast þess.

Miklu skiptir að allir gestir svæðisins séu upplýstir um hættur á svæðinu og um viðkvæmt náttúrufar þess. Lykillinn að þessu er opið samráð, virkt samstarf og upplýsingagjöf milli Umhverfisstofnunar, ferðaþjónustuaðila og annarra hagsmunaaðila.


Landslagsverndarsvæði í Þjórsárdal er mikilvægur staður fyrir lýðheilsu og útivist. Stuðla skal að því að gestir svæðisins geti áfram notið þeirra gæða sem svæðið hefur upp á að bjóða.

Náttúruvættin Hjálparfoss og Gjáin eru vinsælir áningarstaðir fólks fyrir útivist og lýðheilsu. Stefnt skal að því að viðhalda og bæta þar innviði og það sama á við um svæðið við Stöng með það að markmiði að gestir á öllum aldri geti átt þar gæðastund.

Mikilvægt er að atvinnustarfsemi sé sjálfbær. Í því skyni verður metin þörf á gerð atvinnustefnu fyrir landslagsverndarsvæðið í samstarfi við Skeiða- og Gnúpverjahrepp. Stefnt er að því að atvinnustefnan feli í sér að gerðir verði samningar við Umhverfisstofnun um atvinnutengda starfsemi innan landslagsverndarsvæðisins. Við gerð atvinnustefnunnar verður lögð rík áhersla á samráð við hagsmunaaðila.

Markaðssetning

Öll markaðssetning á landslagsverndarsvæðinu skal vera í samræmi við markmið verndunar þess. Villandi markaðssetningu sem hvetur til slæmrar umgengni, brota á reglum svæðisins eða stríðir gegn verndarmarkmiðum þess skal tilkynna til Neytendastofu.



Landvarsla

Svæðissérfræðingur Umhverfisstofnunar hefur yfirumsjón og eftirlit með landslagsvæðingum í Þjórsárdal. Störf landvarða eru skilgreind í 80. gr. laga um náttúruvernd nr. 60/2013 og reglugerð nr. 190/2019. Undanfarin ár hefur einn landvörður verið á vakt á svæðinu frá maí og fram í september. Landverðir bjóða upp á fræðslugöngur og fara í eftirlit um fjölförnustu gönguleiðir og áningarstaði ferðamanna á svæðinu. Landverðir sinna einnig viðhaldi og rekstri innviða s.s. göngustíga, skilta og salerna.

Í Hrauneyjum er gestastofa sem er sameiginleg starfsstöð Umhverfisstofnunar og Vatnajökulsþjóðgarðs. Þar hafa landverðir verið við störf frá maí til september og veita upplýsingar um friðlýst svæði, þ.m.t. Vatnajökulsþjóðgarð og aðra viðkomustaði ferðamanna á hálendinu og næsta nágrenni Hrauneyja. Þeir sinna mikilvægu hlutverki í fræðslu og upplýsingagjöf til ferðamanna sem eiga leið um svæðið ásamt því að sinna eftirliti með náttúruverndarsvæðum í næsta nágrenni.

Landverðir starfa í nánu samstarfi við ýmsa aðila m.a. Skógræktina, Minjastofnun og sveitarfélagið Skeiða- og Gnúpverjahrepp.

Stefna

Efla þarf landvörslu á svæðinu en Umhverfisstofnun telur að ein áhrifaríkasta leiðin til að vinna að náttúruvernd og auka öryggi og jákvæða upplifun gesta sé fólgin í landvörslu.

Stofnunin mun áfram beita sér fyrir því að auka landvörslu innan landslagsverndarsvæðisins með það að markmiði að næg landvarsla verði á svæðinu m.a. til að tryggja opnun salerna á þeim tíma sem gestir heimsækja svæðið.

Stefna skal að því að tveir landverðir verði á vakt að lágmarki á háannatíma.

Landverðir skulu eftir þörfum hafa eftirlit með fornminjum í samstarfi við Minjastofnun Íslands og fræða og upplýsa gesti svæðisins um þær.

Sjálfbóðaliðar í náttúruvernd

Árlega koma sjálfbóðaliðar frá sjálfbóðaliðastarfi Umhverfisstofnunar, Iceland Conservation Volunteers, til starfa í Þjórsárdal í 1-2 vikur. Markmiðið er að starfið nýtist náttúrulegu umhverfi og almenningi, en vinni ekki að efnahagslegum hagsmunum einstaklinga eða fyrirtækja. Sjálfbóðaliðar sinna oft verkefnum sem annars yrðu ekki unnin. Europarc Federation hefur látið útbúa viðmiðunarreglur um gæðastjórnun sjálfbóðaliðastarfs á friðlýstum svæðum í Evrópu og er skilgreining sjálfbóðaliðastarfs hjá Umhverfisstofnun í samræmi við þær reglur. Helstu verkefni sjálfbóðaliða á landslagsverndarsvæðinu í Þjórsárdal er viðhald á náttúrustígum, uppræting framandi tegunda og endurheimt gróðurs og vistgerða.

Stefna

Sérfræðingur landslagsverndarsvæðisins skal skilgreina verkefni og bjóða sjálfbóðaliðum að taka þátt í verkefnum sem stuðla að verndun svæðisins.

Stefnt skal að auknu samstarfi um verndun svæðisins með þeim sem njóta og nýta náttúru þess og bjóða þeim sem áhuga hafa á að taka þátt í verndaraðgerðum á svæðinu.

Árlegar aðgerðir

- Skipulög verði verkefni sjálfbóðaliða.



Fræðsla og kynning

Landverðir sinna fræðslu og upplýsingagjöf í Þjórsárdal. Skipulagðar fræðslugöngur eru á hverju sumri og fer fjöldi þeirra eftir mannafla hverju sinni. Einnig taka landverðir á móti skólahópum ef þess er óskað og fræða þá og upplýsa um náttúru og sögu svæðisins. Á heimasíðu Umhverfisstofnunar er fræðsluefni um friðlýsta svæðið á íslensku og ensku. Í Árnesi er gestastofa með upplýsingum um Þjórsárdal og næsta nágrenni. Gestastofan er opin yfir sumartímann.

Stefna


Umhverfisstofnun í samstarfi við samstarfshóp landslagsverndarsvæðisins skal stuðla að öflugri fræðslu um svæðið, lífríki þess og náttúru, menningarminjar, verndargildi og umgengisreglur sem þar gilda.

Stefnt skal að því að gera fræðsluáætlun fyrir verndarsvæðið í samvinnu við Minjastofnun og koma á reglulegum fræðslugöngum yfir sumartímann.

Á heimasíðu Umhverfisstofnunar skal fræðsla um svæðið vera uppfært eftir þörfum, bæði á íslensku og ensku.

Árlegar aðgerðir

- Gerð verði fræðsluáætlun fyrir verndarsvæðið í samvinnu við Minjastofnun.
- Bóðið verði upp á reglulegar fræðslugöngur með landverði yfir sumartímann.



Viðburðir, kvikmyndataka og ljósmyndun

Þjórsárdalur er vinæll til ljósmynda- og kvikmyndatöku, bæði úr lofti og af landi. Hvers konar viðburðir, samkomuhald, kvikmyndataka og ljósmyndun sem hafa í för með sér hættu á jarðraski, truflun dýralífs, umferðar eða upplifun annarra gesta er háð leyfi Umhverfisstofnuna sbr. 14. gr. auglýsingar nr.110/2020. Leyfi eru veitt ef ekki er talin hættu á varanlegum neikvæðum áhrifum á verndargildi svæðisins s.s. truflun á dýralífi, jarðraski, gróðurskemmdum eða upplifun ferðamanna. Leyfi eru ávallt bundin skilyrðum um góða umgengni á svæðinu og fleira eftir atvikum.

Stefna

Viðburðir, kvimyndataka og ljósmyndun skal ekki hafa neikvæð áhrif á verndargildi svæðisins, dýralíf og upplifun gesta.


Mönnuð og ómönnuð loftför

Ferðapjónustufyrirtæki bjóða upp á þyrluflug yfir svæðið og vinsæll viðkomustaður er við Háafoss. Vinsælt er að fljúga fjarstýrðum loftförum, til að mynda náttúru svæðisins úr lofti. Óheimilt er að lenda þyrlu innan náttúruvætta nema að fengnu leyfi Umhverfisstofnunar. Notkun fjarstýrðra loftfara er óheimil í náttúruvættum nema að fengnu leyfi Umhverfisstofnunar. Þó er heimilt að nota fjarstýrð loftför vegna rannsókna og eftirlits Minjastofnunar Íslands með menningarminjum sbr. 15. gr. auglýsingar nr. 110/2020.

Stefna

Friðhelgi dýralífs og góðri upplifun gesta svæðisins skal vera gætt með leiðbeinandi reglum um flug mannaðra og fjarstýrðra loftfara.

Þar sem heimilt er að lenda þyrlum skulu þær ekki valda röskun á gróðri og dýralífi og skal tryggt að landing valdi ekki röskun á viðkvæmum gróðri. Ekki skal lenda þyrlu á mosavöxnum svæðum.



Uppbygging innviða

Nokkuð takmarkaðir innviðir hafa verið reistir innan landslagsverndarsvæðisins. Mest hefur þó verið gert við Hjálparfoss og Stöng. Við Hjálparfoss er malbikað bílastæði, salerni og útsýnispallar. Við Stöng er malarplan og frá því liggur stíg með aðgengi fyrir alla upp að minjasvæðinu. Uppbyggður göngustígur liggur frá Stöng að Gjánni.

Á framkvæmdasvæðum skal einungis notast við staðargróður við endurheimt raskaðs gróðurlendis.

Við uppbyggingu innviða skal leitast eftir því að nota efnivið sem framleiddur er í nærumhverfi friðlýsa svæðisins.

Heimilt er að takmarka aðgengi ferðamanna að landslagsverndarsvæðinu eða svæðum innan þess og skal upplýsingum um þau svæði komið á framfæri til hagsmunaaðila með skýrum leiðbeiningum.

Stefna

Gert er ráð fyrir salernisaðstöðu og áningarstöðum í og við náttúruvættin (Gjáin, Hjálparfoss og Háifoss). Að öðru leiti er ekki gert ráð fyrir frekari uppbyggingu þjónustu innan landslagsverndarsvæðisins heldur verði staðið vel að viðhaldi og uppbyggingu þeirra innviða sem fyrir eru og eru á samþykktu skipulagi þegar áætlun þessi er gefin út.

Öll innviðauppbygging skal taka mið af verndarmarkmiðum svæðisins, þar sem um landslagsverndarsvæði er að ræða. Með vernduninni skal tryggt að jarðminjum, landslagsheild, lífríki, menningarlegu gildi og ásýnd svæðisins verði ekki spillt og einkenni þess og sérkenni varðveitt þar sem svæðið er sérstætt á landsvísu og skipar mikilvægan sess í vitund þjóðar.

Allar endurbætur og frekari uppbygging innviða og mannvirkja á svæðinu skulu falla vel að náttúru og umhverfi. Innviðir skulu stuðla að verndun svæðisins og gera móttöku og upplifun gesta sem heimsækja svæðið sem jákvæðasta. Jafnframt skulu innviðir stuðla að því að stýra umferð eins og kostur er.

Mannvirki

Eitt salernishús er við Hjálparfoss í eigu Umhverfisstofnunar. Rústir Stangarbæjarins eru með yfirbyggingu í eigu Minjastofnunar. Sundlaug og mannvirki tengd henni voru reist milli Reykhólts og Rauðkamba skömmu fyrir 1980. Þau voru í eigu Skeiða- og Gnúpverjahrepps, en laugin hefur verið fjarlægð og vikið fyrir byggingu hótels og nýrrar baðaðstöðu samkvæmt deiliskipulagi.

Stefna

Byggingar skulu falla vel að landi og útlit þeirra skal vera samræmt en þó með sérstöðu einstakra svæða í huga.

Vanda skal frágang mannvirkja og umhverfis þeirra og öllum frágangi skal ljúka um leið og framkvæmdum lýkur. Rask af völdum framkvæmda skal vera afturkræft eins og kostur er.

Tryggja skal að engin mengun verði af frárennsli frá mannvirkjum og allur frágangur frárennislagna og rotþróa skal vera í samræmi við lög nr. 99/2009 um uppbyggingu og rekstur fráveitna og reglugerðir nr. 798/1999 um fráveitur og skólp og nr. 799/1999 um meðhöndlun á seyru. Umhverfisstofnun hefur gert minnisblað um kröfur til meðhöndlunar og/eða förgunar seyru á ferðamannastöðum í óbyggðum sem má nálgast á heimasíðu Umhverfisstofnunar.

Eitt af verðmætum landslagsverndarsvæðisins er myrkur og að gestir geti notið stjörnuþjarts himins og norðurljósa að hausti og vetri. Til þess að koma í veg fyrir ljósmengun skulu útiljós, þar sem þeirra er þörf, vera þannig hönnuð að þau valdi ekki ljósmengun að óþörfu.

Stefnt er að byggingu salernishúss við bílastæðið við Stöng með dagaðstöðu fyrir landverði í samræmi við deiliskipulag. Einnig er gert ráð fyrir byggingu salernishúss og útsýnispalls við Háafoss í kjölfar gerð deiliskipulags fyrir svæðið.

Byggingum og öðrum mannvirkjum skal vel við haldið svo sómi sé af. Óheimilt er að láta byggingar eða önnur mannvirki grotna niður þannig að telja verði til lýta eða spjalla á náttúru skv. 73. gr. laga um náttúruvernd nr. 60/2013.

Byggingar á landslagsverndarsvæðinu sem ekki eru lengur í notkun og lýti er af skulu fjarlægðar af eigendum þess.



Öryggismál

Lögreglustjórinn á Suðurlandi fer með yfirstjórn og ber ábyrgð á leit og björgun á Þjórsárdalssvæðinu. Ásamt því að gæta almannaöryggis og halda uppi lögum og reglum er lögð áherslu á eftirlit með utanvegaakstri og öðrum náttúruspjöllum. Björgunarsveitin Sigurgeir í Árnesi er viðbragðsaðili á svæðinu. Starfssvæði sveitarinnar er á svæði 3 sem er Árnessýsla. Landverðir veita upplýsingar og fræðslu til ferðamanna sem hyggja á gönguferðir um svæðið. Allir landverðir eru með Tetra stöð og geta haft samskipti við aðra landverði utan friðlýsta svæðisins sem og björgunarsveit. Umhverfisstofnun hefur unnið öryggisáætlun fyrir friðlýst svæði og unnið er að áhættumati fyrir friðlýsta svæðið þannig að unnt verði að staðfæra öryggisáætlunina að svæðinu.


Stefna

Með fræðslu og forvörnum er hægt að stuðla að öryggi ferðamanna og er því mikilvægt að fjölga landvörðum á landslagsverndarsvæðinu. Einnig að lengja viðverutíma landvarða á svæðinu að þeir séu einnig til staðar á vorin og á haustin.

Góð stýring umferðar um landslagsverndarsvæðið eykur öryggi ferðamanna. Stuðla skal að bættum fjarskiptum með fjölgun senda á svæðinu. Landverðir skulu ávallt hafa fyrstuhjálparbúnað innan seilingar. Unnið verður að áhættumati fyrir svæðið þannig að unnt verði að staðfæra öryggisáætlunina að svæðinu, í kjölfarið verður áætlunin gerð aðgengilega á heimasíðu Umhverfisstofnunar. Í öryggisáætlun eru upplýsingar um hvernig bregðast á við slysum og almannavarnaráætlanir vegna náttúruvár. Þegar gefnar eru út veðurveðvaranir frá Veðurstofu Íslands skulu landverðir bregðast við þeim með því að upplýsa gesti á svæðinu með beinum eða óbeinum hætti. Setja skal upp skilti við langar gönguleiðir sem upplýsa um aðvörunarstig (gult, appelsínugult eða rautt). Þegar gefin er út appelsínugul eða rauð viðvörun svo ófært verður til gönguferða skal loka fyrir umferð um langar gönguleiðir þar sem hætta getur skapast vegna áhrifa veðurs.

Árlegar aðgerðir

- Öryggis- og neyðarbúnaður yfirfarinn.



Rannsóknir og vöktun


Ýmsar rannsóknir hafa verið stundaðar í Þjórsárdal. Má þar nefna rannsóknir í tengslum við áhrif eldgosa á umhverfi, jarðvegsrannsóknir og fornleifarannsóknir.

Samkvæmt 74. gr laga um náttúruvernd nr. 60/2013 ber Náttúrufræðistofnun Íslands ábyrgð á vöktun lykilkáttu íslenskrar náttúru að því marki sem hún er ekki falin öðrum stofnunum. Stofnunin á að vinna heildstæða áætlun um vöktun og skipuleggja framkvæmd hennar. Jafnframt á Náttúrufræðistofnun að vinna vöktunaráætlun fyrir friðlýst svæði í samráði við Umhverfisstofnun sem skal vera hluti stjórnunar- og verndaráætlunar viðkomandi svæðis. Árið 2019 hófst samvinna Náttúrufræðistofnunar, Umhverfisstofnunar, Vatnajökulsþjóðgarðs, Þingvallabþjóðgarðs og náttúrustofa um gerð vöktunaráætlana fyrir náttúruverndarsvæði, þ.m.t. friðlýst svæði, og er hún unninn samhliða vinnu Náttúrufræðistofnunar við gerð heildstæðrar vöktunaráætlunar fyrir lykilkáttu íslenskrar náttúru. Vöktunaráætlun fyrir náttúruverndarsvæði mun fela í sér forgangsröðun svæða og áherslur í vöktun á hverju svæði fyrir sig. Ekki er búið að vinna vöktunaráætlun fyrir Þjórsárdal en þegar því er lokið mun hún verða viðauki við þessa stjórnunar- og verndaráætlun. Á heimasíðu Náttúrufræðistofnunar Íslands má finna frekari upplýsingar um vöktunina.

Stefna


Mikilvægt er að telja fjölda gesta sem heimsækja landslagsverndarsvæðið ár hvert til að hægt sé að gera áætlunir um áherslur í verndun svæðisins, þolmarkagreiningu, uppbyggingu innviða og landvörslu.

Stefnt skal að því að settir verði upp teljarar á helstu aðkomuleiðum og á vinsælum gönguleiðum á landslagsverndarsvæðinu.



Heimildaskrá

1. Páll Einarsson, 2008. Plate boundaries, rifts and transforms in Iceland. Jökull No. 58 35-58.
2. Elsa G. Vilmundardóttir, Ágúst Guðmundsson og Snorri Páll Snorrason, 1985: Jarðfræði Búrfells og nágrennis. Náttúrufræðingurinn 54 (3-4), bls. 97-113.
3. Friðþór S. Sigurmundsson, Guðrún Gísladóttir, Hreinn Óskarsson 2014. Decline of Birch Woodland Cover in Þjórsárdalur Iceland from 1587 to 1938. Human Ecology 42, s. 577-590.
4. Vefsíða Skógræktarinnar 2015. <https://www.skogur.is/is/um-skograektina/frettir-og-vidburdir/frettir-og-pistlar/thjorsardalur>. [skoðað 6.10.2020]
5. Náttúrufræðistofnun Íslands 2018. Vistgerðakort af Íslandi. 1:25.000. <https://gatt.lmi.is/geonetwork/srv/eng/catalog.search#/metadata/5c5138aeb21c-4288-832f-e1c1d0733f3e>
6. Friðþór Sófus Sigurmundsson 2011. Hnignun skóg- og kjarrlendis í Þjórsárdal frá 1587-1938 og ástæður hennar. MS-ritgerð við líf- og umhverfisvísindadeild Háskóla Íslands. 47 bls. <https://skemman.is/bitstream/1946/8563/1/Loki10.pdf>
7. Náttúrufræðistofnun Íslands, óbirt gögn.
8. eBird 2022. eBird: An online database of bird distribution and abundance [web application]. eBird, Cornell Lab of Ornithology, Ithaca, New York. <http://www.ebird.org> (skoðað: 6. apríl 2022).
9. Kristinn Haukur Skarphéðinsson, Borgný Katrínardóttir, Guðmundur A. Guðmundsson og Svenja N.V. Auhage 2016. Mikilvæg fuglasvæði á Íslandi. Fjölrit Náttúrufræðistofnunar nr. 55. Garðabær: Náttúrufræðistofnun Íslands.
10. Jón Gunnar Ottósson, Anna Sveinsdóttir og María Harðardóttir 2016. Vistgerðir á Íslandi. Fjölrit Náttúrufræðistofnunar nr. 54. Garðabær: Náttúrufræðistofnun Íslands.
11. Náttúrufræðistofnun Íslands 2018. Válisti fugla. <https://www.ni.is/midlun/utgafa/valistar/fuglar/valisti-fugla>



3.

Sérreglur

Þetta er fyrsta línan í þessum skýrslu.

Þetta er önnur lína í þessum skýrslu.

Þetta er þriðja lína í þessum skýrslu.

Þetta er fjórða lína í þessum skýrslu.

Þetta er fimmta lína í þessum skýrslu.

Þetta er sjöunda lína í þessum skýrslu.

Þetta er áttaunda lína í þessum skýrslu.

Þetta er níunda lína í þessum skýrslu.

Þetta er tíunda lína í þessum skýrslu.

Þetta er ellefta lína í þessum skýrslu.


Þetta er tólfunda lína í þessum skýrslu.

Þetta er þrettunda lína í þessum skýrslu.

Sérreglur

Sérstakar reglur um umferð manna og dvöl á landslagsverndarsvæðinu í Þjórsárdal sem settar eru í samræmi við ákvæði 2. mgr. 81. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd eru eftirfarandi:

- 1. Landverði eða umsjónaraðila svæðisins er heimilt að loka tímabundið gönguleiðum vegna verndunar gróðurs og jarðminja eða þegar leiðin er ekki fær og beina gestum svæðisins um aðrar leiðir ef þess er kostur. Samráð skal haft um slíka ákvörðun við hlutaðeigandi sveitarfélag og fulltrúa ferðapjónustu og útivistarfólks sbr. kafla um gróður vistgerðir og jarðveg.*
- 2. Óheimilt er að skilja eftir úrgang vegna tóbaksnotkunar innan hins friðlýsta svæðis sbr. kafla um úrgang.*







UMHVERFIS
STOFNUN





UMHVERFIS
STOFNUN